



**UMSÓKN UM AÐ KANNA JARÐVEG Á  
FRAMKVÆMDASVÆÐI SAMKV. 2.4.4.  
Í BYGGINGARREGLUGERÐ 112/2012  
„GRAFTRARLEYFI“**

Byggingarstjóri getur sótt um „graftrarleyfi“ á lóð, án greiðslu gatnagerðargjalds enda liggja fyrir tillöguteikningar sem uppfylla deiliskipulag samþ. af bæjarstjórn. Slík framkvæmd fellur bótaust til bæjarins, verði hætt við framkvæmdir. Ef ófyrirséðar tafir verða á framhaldi verksins, er byggingarstjóra skylt að fylla í holuna að nýju eða verja hana á annan hátt óski byggingarfulltrúi þess. Slík framkvæmd fellur líka bótaust til bæjarins. Frekari framkvæmdir eru háðar útgáfu byggingarleyfis.

Til upplýsinga er skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu eða fyrir liggur samþykkt sveitarstjórnar vegna leyfisumsóknar skv. ákvæðum skipulagslaga.
2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.
3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjaldsamkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnusamkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.
5. Skráð hefur verið í gagnasafn Mannvirkjastofnunar að viðkomandi byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.
6. Hönnunarstjóri hefur lagt fram yfirlit um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða og áritað það til staðfestingar á því að um tæmandi yfirlit sé að ræða. Yfirlitið skal afhent samtímis hönnunargögnum.

Ég undirritaður \_\_\_\_\_ kt: \_\_\_\_\_ - \_\_\_\_\_

til heimilis að \_\_\_\_\_ nr. \_\_\_\_\_ í \_\_\_\_\_

byggingarstjóri á húsi við \_\_\_\_\_ nr. \_\_\_\_\_ óska eftir

„graftrarleyfi“ án þess að samþykktar aðalteikningar liggja fyrir.

Landnúmer: \_\_\_\_\_.

Byggingarstjóri.

Netfang.

Sími.